



VELTA TÆKNIFYRIRTÆKJA Í SJÁVARKLASANUM 66 MILLJARÐAR ÁRIÐ 2012

Velta tæknifyrirtækja í sjávarklasanum nam tæpum 66 milljörðum á árinu 2012 og jókst um 13% frá 2011 samkvæmt niðurstöðum nýrrar rannsóknar Íslenska sjávarklasans. Fyrirtækin, sem um ræðir, hanna, þróa og framleiða veiðarfæri, kör, umbúðir, vélbúnað eða hugbúnað fyrir sjávarútveg og selja vörur sínar undir eigin vörumerki en í dag tilheyra um 70 fyrirtæki þessum hópi. Tæknigeirinn í sjávarklasanum vex umfram sjávarútveg og fiskeldi, umfram fiskvinnslu og umfram þjóðarframleiðslu. Þessi fyrirtæki þarf að fóstora og mikilvægt er að þau geti sótt fjármagn sem gerir þeim kleift að markaðssetja sig alþjóðlega. Með tilliti til þess mikla vaxtar sem tæknifyrirtæki sjávarklasans hafa sýnt má ætla að aukin fjárfesting í þessum fyrirtækjum geti haft mjög jákvæð áhrif á íslenskt atvinnu- og efnahagslíf.

Velta tæknifyrirtækja í sjávarklasanum nam tæpum 66 milljörðum á árinu 2012 og jókst því um 13% frá 2011 að núvirði. Þetta sýna niðurstöður rannsóknar Íslenska sjávarklasans á umfangi og vexti tæknifyrirtækja sjávarklasans. Fyrirtækin, sem um ræðir, hanna, þróa og framleiða veiðarfæri, kör, umbúðir, vélbúnað eða hugbúnað fyrir sjávarútveg og selja vörur sínar undir eigin vörumerki. Í dag tilheyra um 70 fyrirtæki þessum hópi en flest þeirra stunda útflutning af einhverju tagi. Gögnum rannsóknarinnar var safnað bæði beint frá fyrirtækjunum og úr ársreikningum þeirra. Á umræddu tímabili varð lítill vöxtur í fiskveiðum og fiskeldi samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Þetta þýðir að vöxtur tæknifyrirtækja sjávarklasans á árinu 2012 hefur farið fram úr væntingum, en gert var ráð fyrir 5-10% vexti á árinu 2012.

Þess má geta að inni í þessum tölum er í fyrsta lagi meðtekin heildarvelta Marel og Hampiðjunnar (þ.e. sá hluti veltunnar sem tengist fiskvinnslu eða sjávarútvegi), en stór hluti tekna þessara fyrirtækja kemur erlendis frá, en velta þessara tveggja fyrirtækja nemur um 58% af heildarveltunni sem um ræðir. Í öðru lagi eru ekki öll fyrirtækin eingöngu í starfsemi sem tengist sjávarklasanum og sjávarútvegi þó viðskipti við sjávarútvegsfyrirtæki skapi stóran hluta tekna þeirra. Í tilfalli Samhentra og Odda er notast við upplýsingar frá fyrirtækjunum um tekjur sem til koma vegna framleiðslu fyrir sjávarútveg. Hér er því stuðst við nokkuð víða skilgreiningu á tæknifyrirtækjum og er því átt við þau fyrirtæki sem bjóða sjávarútvegsfyrirtækjum upp á tæknilausnir sem á einn eða annan hátt eykur skilvirkni þeirra eða gæði vara. Þó eru fleiri fyrirtæki sem bjóða sjávarútvegsfyrirtækjum upp á ýmsar tæknitengdar lausnir

sem ekki er fjallað um hér þar sem kjarnasvið þeirra liggur í öðru og einungis minnihluti tekna kemur af viðskiptum við sjávar tengdar greinar.

Vöxturinn var mestur hjá þeim fyrirtækjum sem framleiða búnað fyrir fiskvinnslu, en velta þessara fyrirtækja var yfir 38 milljarðar árið 2012, miðað við um 31 milljarða veltu 2011. Þetta nemur um 22% veltuaukningu milli ára. Veltuaukning fyrirtækjanna sem hanna og framleiða búnað fyrir skip nam tæpum 5% en heildarvelta þeirra fór úr 7,7 milljörðum í rúma 8 milljarða 2012. Vöxtur hjá fyrirtækjum sem framleiða veiðarfæri og umbúðir var óverulegur og jafnvel gætti samdráttar í einhverjum tilfellum. Segja má að þetta sýni ákveðinn viðsnúning í gengi fyrirtækjanna, en þegar vöxtur þeirra frá árinu 2010 til ársins 2011 er skoðaður sést að veltuaukningin var þá mest í þeim tæknifyrirtækjum sem sérhæfa sig í búnaði fyrir skip.

Samhliða veltuaukningu fyrirtækjanna hefur störfum einnig fjölgað, en fjöldi starfsfólks tækniklasans er yfir 1000 og er stærstur hluti þess tæknimenntaður. Ekki fengust nógu ítarlegar upplýsingar til að staðfesta hver aukningin hefur verið fyrir fyrirtækin öll, en í þeim 27 fyrirtækjum sem veittu upplýsingar um breytingu á fjölda starfsmanna nam aukningin samtals um 40 stöðugildum. Því má gera ráð fyrir því að starfsfólki hafi fjölgað í það minnsta um 3-4%, en mögulegt er að talan sé talsvert hærri.

Marel og Hampiðjan eru sem fyrr stærstu tæknifyrirtækin í sjávarklasanum. Á eftir koma fyrirtæki eins og Skaginn, sem selur framleiðslulausnir fyrir sjávarútveg og Ísfell sem veitir

m.a. veiðarfærþjónustu. Hér má sjá lista yfir 20 stærstu tæknifyrirtækin í sjávarklasnum á Íslandi:

1. Marel hf.
2. Hampiðjan hf.
3. Skaginn hf.
4. Ísfell ehf.
5. Héðinn hf.
6. Kælismiðjan Frost ehf.
7. Prentsmiðjan Oddi hf.
8. Promens Dalvík ehf.
9. Samhentir kassagerð ehf.
10. Wise ehf.
11. Trefjar ehf.
12. Naust Marine ehf.
13. Vaki Fiskeldiskerfi hf.
14. PromensTempra ehf.
15. 3X Technology ehf.
16. Baader Ísland ehf.
17. Samey ehf.
18. Marorka ehf.
19. Valka ehf.
20. Sjóvélar ehf.

13% heildarvöxtur tæknifyrirtækja er stór frétt á tímum þar sem hagvöxtur á Íslandi er 1,6%. Tæknifyrirtæki sjávarklasans hafa ekki fengið mikið umtal í opinberri umræðu, en fyrirtækin hafa óumdeilanlega mikil vaxtartækifæri og starfsemi þeirra kann að vera viðameiri en margir hafa talið. Tæknigeirinn í sjávarklasnum vex umfram sjávarútveg og fiskeldi, umfram fiskvinnslu og umfram þjóðarframleiðslu. Fyrirtækin eru mörg byggð á sterkum grunni og hafa þróast í nánú samstarfi við kröfuharðan sjávarútveg. Nýsköpun

í sjávarklasnum á sér að miklu leyti stað innan þessara fyrirtækja og þessa þróun þarf að fólstra.

Með bættu starfsumhverfi sjávarútvegsins má gera ráð fyrir að framundan sé umtalsverð aukning í fjárfestingum í greininni sem styrkir tæknistarfsemi í sjávarklasnum. Þróun verðs á sjávarafurðum á erlendum mörkuðum mun þó ráða miklu um afkomu sjávarútvegsins og tengdra greina og framvindu fjárfestinga á komandi misserum. Mikilvægt er að fjárfestingar sjávarútvegsfyrirtækja í nýrri tækni beinist í auknum mæli að íslenskri tækniþekkingu og reynslu. Þau tæknifyrirtæki sjávarklasans sem flytja út búnað eða tækni eru mörg hver afar lítil sem aftrar þeim í alþjóðlegri markaðssetningu. Þó eru til staðar mikil tækifæri til að efla íslensk tæknifyrirtæki en til þess þurfa fyrirtækin sjálf að auka samstarf sín á milli. Útgerðir gegna í þessum efnunum einnig lykilhlutverki, en mikilvægt er að þessum litlu tæknifyrirtækjum bjóðist tækifæri til að þróa lausnir sínar í samstarfi við útgerðir.

Mikilvægt er að þessi fyrirtæki geti sótt fjármagn sem gerir þeim kleift að markaðssetja sig alþjóðlega. Með tilliti til þess mikla vaxtar sem tæknifyrirtæki sjávarklasans hafa sýnt má ætla að aukin fjárfesting í þessum fyrirtækjum geti haft mikil jákvæð áhrif á íslenskt atvinnu- og efnahagslíf með því að auka útflutning, gjaldeyristekjur og hagvöxt landsins.

Nánari upplýsingar veita Friðrik Björnsson og Haukur Már Gestsson hjá Íslenska sjávarklasnum í síma 867 8786.

Um Íslenska Sjávarklasann

Íslenski sjávarklasinn hóf tilveru sína sem rannsóknarverkefni við viðskiptadeild Háskóla Íslands vorið 2010. Markmið Íslenska sjávarklasans er að auka verðmæti þeirra fyrirtækja sem starfa í klasanum. Samstarfsaðilar eru leiðandi fyrirtæki innan sjávarklasans en með styrkingu tengslaneta og klasaþróun stuðlar Íslenski sjávarklasinn að því að auka tækifæri til samstarfs og nýsköpunar. Teymi Sjávarklasans vinnur að margvíslegum verkefnum á grundvelli klasahugmyndafræði. Á meðal verkefna árið 2012 eru stofnun fullvinnsluklasans Codland á Reykjanesi, sameiginleg markaðssetning tæknifyrirtækja og mótun langtímastefnu fyrir flutninga- og hafnahóp Sjávarklasans. Nánari upplýsingar má sjá á vef Sjávarklasans, www.sjavarklasinn.is